

Listasafn Sigurjóns Ólafssonar Ársskýrsla 2022

Sýningar

Saltfiskstöflun – Veggmynd án veggjar

05.02–27.11

Sýning í efri sal safnsins var opnuð 5. febrúar og átti að ljúka 18. september. Safnið var lokað í september vegna viðgerða og því var sýningin framlengd til 27. nóvember. Í tengslum við sýninguna var haldið málþing í safninu þann 19. nóvember um útilistaverk í Reykjavík. Komið var fyrir líkani af Saltfiskstöflun í efri sal ásamt fleiri verkum Sigurjóns, ljósmyndum og – ekki síst – ástands-skýrslum forvarðar og sérfræðings í steinsteypu um verkið.

Sjón er sögu ríkari

– 27.11

Sýningin frá haustinu áður sem var tileinkuð heimsóknnum skólabarna var einnig framlengd til nóvemberloka. Góð reynsla var af heimsókn 26 nemenda úr Landakotsskóla, sem komu ásamt enskukennara sínum, Laura Engelhoff, þann 7. júní. Nemendurnir höfðu kynnt sér námsefni með sýningunni, sem er aðgengilegt á heimasíðu safnsins, og var árangur heimsóknarinnar því mjög góður. Að loknu sumarfríi var sendur tölvupóstur til allra grunnskóla í Reykjavík með hlekk að þessu námsefni. Pakklát viðbrögð komu frá nokkrum myndmenntakennurum. Í framhaldi af þessu voru þó engar heimsóknir nemenda í safnið.

Tónleikar og aðrir viðburðir

Bach hátíð

Í samstarfi við Safn RÚV bauð Listasafn Sigurjóns Ólafssonar til Bach hátíðar í sal safnsins sunnudagana 15., 22. og 29. maí. Leiknar voru sjaldheyrðar upptökur úr fórum Ríkisútvarpsins með leik Björns Ólafssonar konsertmeistara og þýska fiðlusnillingsins Adolf Busch ásamt kammersveit. Hreinn Valdimarsson yfirfærði hljóðupptökurnar á stafrænt form, sem var flutt úr hljóðkerfi frá Stúdíó Sýrlandi. Hlíf Sigurjónsdóttir fjallaði um þýðingu heimsóknar Adolf Busch til Íslands fyrir Björn Ólafsson og kynnti efnisskrá hátíðarinnar.

Hverfishátíð á Laugarnestanga

„Laugarnesvinir“, sem er hópur áhugamanna um verndun Laugarness sem menningarlandslags, efndu til Hverfishátíðar á Laugarnesi laugardaginn 25. júní milli kl. 13 og 17. Íbúaráð Laugardals veitti 330 þúsund króna styrk til þessarar hátíðar, þannig að fjölbreytt dagskrá var í boði án endurgjalds: Púriður Sigurðardóttir, sem er alin upp í Laugarnesbænum, var með leiðsögn um svæðið, efnt var til ratleikja og haldnir voru séstakir barnatónleikar með Dúói Stemmu í sal Listasafns Sigurjóns. Boðið var upp á grillaðar pylsur, íspinna, vatn og kaffi á stéttinni fyrir utan safnið, börnin gátu spreytt sig á að setja upp flugdreka, farið í boltaleik og margt fleira. Aðgangur að safninu var ókeypis og fóru flestir inn til að skoða. Þrátt fyrir að ókeypis veitingar væru í boði utanhúss, var mikil sala veitinga í kaffistofu safnsins. Áætlað er að um 400 manns hafi sótt þessa hverfishátíð.

Von og birta

Sunnudaginn 3. júlí fluttu Hlíf Sigurjónsdóttir fiðluleikari og Eva Pyri Hilmarsdóttir píanóleikari Vorsónötu Beethovens, *Sónatínu* ópus 100 eftir Dvořák og *Systur í Garðshorni* eftir Jón Nordal. Verkin æfðu þær stöllur með hléum á meðan þjóðfélagið einkenndist af covid-lokunum og menningarsneyð. Verkefnavalið var því engin tilviljun, heldur vítamín á „vondum tímum“.

Sumartónleikar LSÓ

Pessi vinsæla tónleikaröð, sem á sér yfir 30 ára sögu, var endurvakin eftir tveggja ára hlé. Á vordögum var auglýst eftir umsóknum og bárust 36 umsóknir fyrir hönd 90 tónlistarmanna. Haldnir voru sex tónleikar, á hverju þriðjudagskvöldi frá 5. júlí til og með 9. ágúst. Listi yfir tónleikar fylgir með.

Schulhoff hátíð

Sérstök kynning var á tékkneska tónskáldinu Erwin Schulhoff og framúrstefnulegri tónlist hans á tvennum tónleikum 23. og 24. júlí. Flytjendur voru Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla, Slava Poprugín píanó, Adrien Liebermann saxófónn, Martin Frewer víola og Þórdís Gerður Jónsdóttir selló. Alexander Liebermann kynnti efni doktorsritgerðar sinnar um tónskáldið.

Kynning á hljóðfærum

Sunnudaginn 14. ágúst flutti strengjakvartettinn Spúttnik tónverk eftir Borodin, Kódaly og Sarah F. Adams á hljóðfæri sem íslenski hljóðfærasmíðurinn Jón Marínó Jónsson hefur smíðað og notaði hann til þess við úr strandi skipsins Jamestown frá 1881. Jón Marínó kynnti hljóðfæri sín í upphafi tónleikanna.

Tónlistarsjóður styrkti Sumartónleika safnsins ásamt öðrum styrktaraðilum. Gefin voru út litprentuð veggspjöld og einblöðungur á íslensku og ensku með dagskrá tónleikanna.

Haustdagskrá

Haustdagskrá með vikulegum menningarviðburðum á þriðjudögum hófst 18. október á endurflutningi á einstökum upptökum á tónleikum sem þýski fiðlusnillingurinn Adolf Busch hélt í Reykjavík árið 1945. Var dagskráin gerð í samvinnu við RÚV.

Þann 25. október og 1. nóvember kynntu þeir Trausti Jónsson og Hreinn Valdimarsson upptökur með Maríu Markan og systkinum hennar, sem öll stunduðu tónlist.

Þann 8. nóvember kynntu þeir Guðmundur Þórhallsson og Krisján Óli Hjaltason sögu Holdsveikraspítalans á Laugarnesi og stofnun Oddfellow reglunnar á Íslandi.

Laugardaginn 19. nóvember var haldið málþing í LSÓ um List í opinberu rými – ábyrgð og viðhald. Eftirtaldir fluttu erindi: Tom Hermansen, doktorsnemi við Hafnarháskóla, Jens Peter Munk, sem hefur eftirlit með útilistaverkum í Kaupmannahöfn, Hlynur Helgason, dósent við Háskóla Íslands, Birgitta Spur, stofnandi Listasafns Sigurjóns Ólafssonar, Indriði Níelsson byggingaverkfræðingur og Védís Eva Guðmundsdóttir, lögfræðingur. Fundarstjóri var Halldóra Jónsdóttir, orðabókarritstjóri. Það var áfall að fá staðfestingu Indriða Níelssonar á að lágmyndin Saltfiskstöflun (LSÓ 1034) er svo skemmd að það bráðliggur á að taka afsteypu af verkinu áður en það eyðileggst alveg. Stúdíó Sýrland sá um upptöku á málþinginu, sem var streymt, og sem einnig er að finna á heimasíðu LSÓ.

15. nóvember lék Nína Margrét Grímsdóttir píanóleikari einleiksprógramm í sal safnsins.

22. nóvember fluttu Hlíf Sigurjónsdóttir og Martin Frewer, sem skipa Duo Landon, verk fyrir fiðlu og víolu eftir Mozart, Bohuslav Martinu og Händel.

Útleiga á sal safnsins

Nokkur eftirspurn var fyrir að fá leigðan salinn fyrir tónleika og var salurinn leigður út 10 sinnum á árinu.

„Digte i træ“ á Norðurbryggju í Kaupmannahöfn

Í sýningarsal Norðurbryggju var 21. maí opnuð sýningin Digte i træ á tíu verkum Sigurjóns úr einkasafni fjölskyldu hans. Í sýningarskrá er grein eftir Björn Th. Björnsson frá 1980, sem fjallar um þennan hluta listsköpunar Sigurjóns. Einnig er birt grein eftir Birgittu Spur um feril listamannsins. Sunnudaginn 22. maí spjallaði listfræðingurinn Anne Blond við Birgittu Spur um list Sigurjóns í sýningarsal, og var streymt frá þessu viðtali sem er birt á heimasíðum Nordatlantens Brygge og LSÓ.

Viku fyrir sýningarlok, 4. september, flutti Jacob Thage, safnstjóri Museum Jorn í Silkeborg, erindi um Asger Jorn og Sigurjón. Hann greindi meðal annars frá þátttöku þeirra félaga í frægri sýningu, *13 kunstnere i Telt*, við Dyrehavsbakken 1941 og heimsókn Asgers til Íslands sumarið 1967.

Skráning og rannsóknir

Uppfærsla Listaverkaskrár Sigurjóns Ólafssonar á heimasíðu safnsins hefur lítt verið sinnt undanfarinn áratug. Verkefnið hefur frá upphafi verið í höndum Geirfinns Jónssonar, sem einnig hannaði vefsíðu safnsins. Hann mun halda utan um uppfærslu Listaverkaskrárinnar eftir því sem tíminn leyfir.

Viðgerðir á safnhúsinu

Á tímabilinu 1. – 23. September var safnið lokað vegna viðgerða á gluggahlið kaffistofunnar. Í október og nóvember var timburklæðning á útveggjum safnsins að norðanverðu endurnýjuð. Mikil og góð viðbót var lagfæring á lóð meðfram suðurhlið safnsins og aðgengi bætt við neyðardyr sjávarmegin. Sólballur milli íbúðarhúss og kaffistofu var endurgerður.

Aðgangseyrir

Aðgangur að safninu er ókeypis fyrir börn innan 18 ára og öryrkjar. Einnig er frítt fyrir félaga ICOM. Aðgangseyrir fyrir fullorðna eru 1000 kr. og fyrir eldri borgara 500 kr.

Gestafjöldi

Árið 2022 komu samtals 2215 gestir í safnið.

Safnið er opið

1. Febrúar – 31. maí: laugardaga og sunnudaga kl. 13 – 17.

1. júní – 31. águst: opið daglega nema mánudaga kl. 13 – 17.

1. september – 30. nóvember: laugardaga og sunnudaga kl. 13 – 17.

Lokað í desember og janúar.

Starfsfólk

Birgitta Spur sinnir ráðgjafastörfum, Hlíf Sigurjónsdóttir og Geirfinnur Jónsson, eru formlega ráðin í hálfu starfi, en eru í reynd í fullu starfi. Ráðið hefur verið fólk til gæslu á virkum dögum og við höfum einnig fengið góða aðstoð frá sjálfboðaliðum, sérstaklega um helgar.

Sumarstarfsfólk í afgreiðslu og kaffistofu voru: Unnur Sif Geirdal og Ólöf Björk Ingólfssdóttir.

Sjálfboðaliðar um helgar og á tónleikakvöldum voru auk Hlífar Sigurjónsdóttur þær Halldóra Jónsdóttir, Helga Harðardóttir, Hólmfríður Þóroddsdóttir og Sigurlaug Eðvaldsdóttir.

Endurskoðandi

Endurskoðandi rekstrarfélagsins Grímu ehf. er Eymundur Sveinn Einarsson löggiltur endurskoðandi, og stofa hans aðstoðar við bókhald félagsins.

Yfirlit yfir viðburði í LSÓ 2022

9. og 10. febr. *Með hækkandi sól – Sönglög í Sigurjónssafni. Jóna G. Kolbrúnardóttir* sópran, **Kristín Sveinsdóttir** mezzosópran, **Eggert Reginn Kjartansson** tenór, **Unnsteinn Árnason** bassi og **Póra Kristín Gunnarsdóttir** píanó. Sönglög eftir innlend og erlend tónskáld. Á vegum flytjenda.
15. maí *Brot úr hljóðmenningarsögu Íslendinga* - í samvinnu við RÚV.
Flutt upptaka af tónleikum **Adolf Busch** í Trípólí bíói fyrstu daga september 1945. Leikin voru verk eftir J.S. Bach: *Fiðlukonsertar í a moll* og *E dúr* og *Sónata fyrir einleiksfíðlu í C dúr* auk kafla úr *Partítu í d moll*.
22. maí *Brot úr hljóðmenningarsögu Íslendinga* - í samvinnu við RÚV.
Leiknar upptökur með **Birni Ólafssyni** konsertmeistara. **Hreinn Valdimarsson** flutti erindi um sögu hljóðritunar á Íslandi.
29. maí *Brot úr hljóðmenningarsögu Íslendinga* - í samvinnu við RÚV.
Leiknar upptökur með leik **Björns Ólafssonar** konsertmeistara.
25. júní *Laugarneshátíð* - í samvinnu við „Laugarnesvini“
Efnt var til fjölskylduhátíðar við safnið þar sem boðið upp á pylsur og meðlæti, ásamt fræðslu og skemmtidagskrá fyrir börn.
3. júlí *Von og birta*
Hlíf Sigurjónsdóttir fiðla og **Eva Pyri Hilmarsdóttir** píanó. *Systur í Garðshorni* eftir Jón Nordal, *Fiðlusónatína í G dúr* ópus 100 eftir Antonín Dvořák og *Fiðlusónata „Vorsónatan“* eftir Ludwig van Beethoven.
5. júlí *Var þetta draumur?*
Jóna G. Kolbrúnardóttir sópran, **Eggert Reginn Kjartansson** tenór, **María Sól Ingólfssdóttir** sópran og **Póra Kristín Gunnarsdóttir** píanó. *Písň Milostné* (ástarsöngvar) ópus 83 eftir Antonín Dvořák, *Fem sanger*, ópus 37 eftir Jean Sibelius og *An die ferne Geliebte*, ópus 98 eftir Ludwig van Beethoven.
12. júlí *Storm Duo*
Ásta Soffía Þorgeirsdóttir og **Kristina Farstad Björdal** harmoníkur. Norsk og íslensk dans- og þjóðlagatónlist og tónverk frá vinsældarskeiði harmoníkkunnar á 20. öld. Einnig verk í barokk stíl og að lokum fallegur íslenskur tangó eftir Ágúst Pétursson.
19. júlí *Sumartónar Dúó Eddu*
Vera Panitch fiðla og **Steiney Sigurðardóttir** selló. Átta dúettar fyrir fiðlu og selló ópus 39 eftir Reinhold Glière, *Sónata fyrir fiðlu og selló* eftir Maurice Ravel og *Passacaglia* í g moll eftir Johan Halvorsen, samið við stef eftir Georg Friederich Händel.
23. og 24. júlí *Schulhoff hátíð*
Tvennir tónleikar til að kynna tékkneska tónskáldinu Erwin Schulhoff og framúrstefnulegri tónlist hans. **Dr. Alexander Liebermann** kynnti efni doktorsritgerðar sinnar um hann. Flytjendur: **Hlíf Sigurjónsdóttir** fiðla, **Slava Poprugín** píanó, **Adrien Liebermann** saxófónn, **Martin Frewer** víola og **Pórdís Gerður Jónsdóttir** selló. *Sónata fyrir fiðlu og píanó*, ópus 7 WV24, *Fimm myndir fyrir píanó* WV 51, *Sónata fyrir fiðlu og píanó* WV 91 og *Heit Sónata* WV 95 fyrir saxófón og píanó eftir Erwin Schulhoff. *Snót*, einleiksverk fyrir fiðlu, og strengjatríóið *Séð af himni ofan* eftir Alexander Liebermann.
26. júlí *Sólríkir fuglatónar*
Bryndís Guðjónsdóttir sópran, **Pamela De Sensi** flauta og **Guðríður St. Sigurðardóttir** píanó.
Ástríðufullir hljómar ítalskra og spánskra tónverka andstætt fagaðri, rómantískri tónlist eftir frönsk tónskáld. Tónskáldin voru flest uppi á síðari hluta nítjándu aldar og fyrri hluta þeirrar tuttugustu.

2. ágúst *Ferðalög um flautuheima*
Kristín Ýr Jónsdóttir flauta, **Hekla Finnsdóttir** fiðla, **Anna Elísabet Sigurðardóttir** víóla og **Hjörtur Páll Eggertsson** selló. *Flautukvartett númer 1 í D dúr* K. 285 eftir Wolfgang A. Mozart, *Threnody 1 og 2* eftir Aaron Copland, *Assobio a Játo* (Hvinblístran) eftir Heitor Villa-Lobos og *Strengjakvartett númer 12 í F dúr* ópus 96, „Ameríski kvartettinn“, eftir Antonín Dvořák í útsetningu fyrir flautukvartett.
9. ágúst *Salieri og samtímamenn*
Diddú og Drengirnir – **Sigrún Hjálmtýsdóttir** sópran, **Sigurður Snorrason** og **Kjartan Óskarsson** klarinettur, **Joseph Ognibene** og **Porkell Jólsson** horn, **Brjánn Ingason** og **Snorri Heimisson** fagott. Blásarasextettar eftir Wolfgang Amadeus Mozart og Antonio Salieri og aríur í útsetningum fyrir sópran og blásara. Einnig íslensk einsöngslög, þar á meðal nokkur Jónasarlaga Atla Heimis Sveinssonar.
14. ágúst *Hugur, hönd og sál*
Strengjasveitin Spútnnik og **Jón Marinó. Sigríður Bjarney Baldvinsdóttir** og **Diljá Sigur-sveinsdóttir** fiðlur, **Vigdís Másdóttir** víóla og **Gréta Rún Snorradóttir** selló. *Strengjakvartett númer 2 í D dúr* eftir Alexander Borodin, *Intermezzo fyrir strengjatríó* eftir Zoltán Kódaly og *Hærra til þín* eftir Lowell Mason. Leikið var á hljóðfæri sem Jón Marinó Jónsson smíðaði og notaði til þess við úr strandi skipsins Jamestown, frá 1881. Jón Marinó kynnti hljóðfæri sín.
18. október *Brot úr hljóðmenningarsögu Íslendinga* - í samvinnu við RÚV.
Flutt upptaka af tónleikum **Adolf Busch** í Trípólí bíói fyrstu daga september 1945. Endurtekið frá 15. maí.
25. október *Markan systkinin*
Dagskrá um Maríu Markan sópransöngkonu, skipt niður á tvö kvöld. Á fyrra kvöldinu verður, auk Maríu, fjallað um þrjú systkini hennar, sem öll voru mjög þekktir söngvarar á sinni tíð. Dagskrárgerð var í höndum **Trausta Jónssonar** og **Hreins Valdimarssonar**.
30. október *Glymskrattinn*
Fjölskyldutónleikar á vegum Óperudaga 2022.
1. nóvember *María Markan*
Síðari hluti dagskrár um Maríu Markan sópransöngkonu sem starfaði meðal annars við Metropolitan óperuna í New York borg, fyrst Íslendinga. Eftir hana liggja fjölmargar upptökur, bæði útgefnar á plötum og í fórum Ríkisútvarpsins. Dagskrárgerð var í höndum **Trausta Jónssonar** og **Hreins Valdimarssonar**.
8. nóvember *Kvöldstund í umsjón Oddfellow hreyfingarinnar í Reykjavík*
Fjallað var um sögu hreyfingarinnar hér á landi og holdsveikraspítalann í Laugarnesi sem danskir félagar þeirra reistu hér 1895.
15. nóvember *Einleikstónleikar*
Nína Margrét Grímsdóttir flytur einleiksverk fyrir píanó, meðal annars eftir nokkur af okkar fyrstu menntuðu tónskáldum, svo sem Pál Ísólfsen, Sveinbjörn Sveinbjörnsson og Jón Leifs.
22. nóvember *Strengjatónleikar*
Duo Landon, sem skipað er **Hlíf Sigurjónsdóttur** fiðluleikara og **Martin Frewer** víóluleikara fluttu *Dúett fyrir fiðlu og víólu í G dúr* eftir W.A. Mozart, *Þrjá madrigala fyrir fiðlu og víólu* eftir Bohuslav Martinů og *Passacaglia* eftir G.F. Händel / Johan Halvorsen.
19. nóvember *Málþing um opinber listaverk í Danmörku og á Íslandi á tímabilinu 1925–1940*
Fjallað er um listaverk í opinberu rými, ábyrgð og viðhald. Flytjendur eru **Tom Hermansen**, **Jens Peter Munk**, **Hlynur Helgason**, **Birgitta Spur**, **Indriði Níelsson** og **Védís Eva Guðmundsdóttir**. **Halldóra Jónsdóttir** orðabókaritstjóri stjórnaði málþinginu.
- Nemenda og ústkraftartónleikar:*
2. maí Framhaldsprófstónleikar. **Ágústa Bergrós Jakobsdóttir** sellóleikari. Tónskóli Sigursveins
7. maí Burtfararprófstónleikar MÍT. **Emilía Rán Benediktsdóttir** fagott.
7. maí Burtfararprófstónleikar MÍT. **Védís Helgadóttir** klarínetta.
10. maí Burtfararprófstónleikar MÍT. **Gabríella Snót Schram** fiðla.